

Fundargerð fundur 7 – faghópur 3, 27. maí 2026

Mætt: BG, HJ, HG, GBJ, MBJ.

1. Afgreiðsla fundargerðar og dagskrár
2. Umræður um endurmat á virkjunarkostum úr 2. áfanga vegna af friðlýsingar þeirra og óskar verkefnastjórnar um endurmat frá faghópum. Málið rætt vítt og breitt út frá því sem fólk var búið að skoða og varð fólk fljótt sammála um að þrátt fyrir að aðferðafræði FH3 í 2. áfanga hafi verið nokkuð frábrugðið því sem nú er þá stæðist þeirra vinna enn í dag og að forsendur hefðu í raun ekki breyst það mikið að það kallaði á nýjar niðurstöður frá faghópi 3. Það eykur enn á þessa niðurstöðu að niðurstaðan um að setja þessa kosti í vernd var fyrst og fermst byggð á vinnu FH 1&2 og engin ástæða til að ætala að endurmat á samfélagslegum áhrifum myndi trompa þá niðurstöðu. Ákveðið að ganga frá minnisblaði fyrir næsta fund um þessa niðurstöðu þar sem tekin væri saman ofangreind niðurstaða og hún rökstudd og til stuðnings stillt upp í lista hvernig niðurstöður faghópanna styðja við að ekki sé þörf á endurmati hvað varðar FH3.
3. Formaður gerði grein fyrir því að verkefnisstjórn hefði tekið vel í hugmyndir hópsins um rannsóknarverkefni í 6 áfanga. Hegi Guðmundsson og Hjalti Jóhannesson voru beðnir að kanna aðeins hvernig best væri að taka fyrstu skrefin varðandi rannsóknaráætlanir sem unnar voru í samstarfi við Félagsvísindastofnun og RHA.
4. Kynnt að óskað væri að faghópar renndu yfir ný reglugerðardrög um um verndar- og orkunýtingaráætlun og kæmu með ábendingar ef fólk hniti um eitthvað.
5. Minnt á að nú þyrfti að fara að huga að mati á vindorkukostunum fjórum og staðan lauslega tekin á þróun þeirra mála.
6. Rætt um tímaskráningarmál.

Fundargerð ritaði BG